

Afgreiðslufundur

Ár 2024 fimmtudaginn 19. desember, kl. 09:00 var haldinn 1810. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Ægis bars, kt. 701222-1480, dags. 11. desember 2024, um tímabundið starfsleyfi fyrir veitingastað; krá með lágmarks matargerð (Ægir bar) að Laugavegi 2, F2004550, rými 01 0001 og 01 0102.
Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 17. mars 2025 með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði. Starfsleyfið tekur til rekstrar á krá með lágmarksmatargerð, þar sem öll matvæli koma tilbúin á staðinn til upphitunar og framreiðslu.
- Lögð fram umsókn Mbar ehf., kt. 470324-0230, dags. 29. ágúst 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Mat Bar) að Hverfisgötu 26, F2004428, rými 01 0101. Eigendaskipti.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Starfsleyfið tekur til rekstrar á veitingastað þar sem lágmarksundirbúningur á hráefni fer fram, allt kjöt og fiskur koma fullundirbúin og tilbúin til eldunar úr undirbúningseldhúsi.
- Lögð fram umsókn Reykjavík Bakarí ehf., kt. 620621-1370, dags. 21. nóvember 2024, um starfsleyfi fyrir framleiðslubakarí / brauðgerð (Reykjavík Bakarí) að Vagnhöfða 13, F2043113, rými 01 0104. Ný umsókn.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Happy Chef ehf., kt. 690922-0530, dags. 21. febrúar 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús og lágmarksframleiðslu matvæla (Happy Chef) að Gufunesvegi 17, F2038423. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Starfsleyfið tekur til rekstrar á mötuneyti, framleiðslu á súpu til dreifingar á veitingastaði, undirbúnings og eldunar á hráefni fyrir allt að fimm veitingastaði og tvo matsöluvagna.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 4. nóvember 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 13. desember 2024 (leiðrétting sýslumanns á fyrra erindi), þar sem óskað er umsagnar um umsókn Heiðarlegs matar ehf., kt. 501017-1080, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Pure Deli) að Suðurlandsbraut 48, F2023397, rými 02 0102.
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili

geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*. Starfsleyfi í gildi til 2. nóvember 2035.

6. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22. ágúst 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 12. júní 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Mbar ehf., kt. 470324-0230, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (Mat Bar) að Hverfisgötu 26, F2004428, rými 01 0101.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.

7. Lögð fram umsókn Heildrænnar heilsu ehf., kt. 571018-0120, dags. 7. nóvember 2024, um skráningu á nuddstofu (Heildræn heilsa) að Fiskislóð 49-51, F2000066, rými 01 0101. Ný starfsemi.

Samþykkt að hafna skráningu þar sem aðstaðan uppfyllir ekki ákvæði *Reglugerðar 903/2024 um hollustuhætti* og neikvæð umsögn byggingarfulltrúa liggur fyrir.

8. Lögð fram umsókn Atlas endurhæfingar ehf., kt. 490608-1410, dags. 8. desember 2024, um skráningu á sjúkrahjálfun (Atlas endurhæfing) að Engjavegi 8, F2266544, salur 4 ásamt stoðrymum. Flutningur í nýtt húsnæði.

Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og starfsskilyrði fyrir sjúkrahjálfun*.

9. Lögð fram umsókn Aþenu íþróttafélags, kt. 681020-1600, dags. 14. desember 2024, um starfsleyfi fyrir íþróttahús (Aþena íþróttafélag) að Austurbergi 3, F2050867, rými 06 0101. Eigendaskipti.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum fyrir íþróttamannvirki og líkamsræktarstöðvar*.

10. Lögð fram umsókn Leikskólans Vinaminnis ehf., kt. 500194-2519, dags. 10. desember 2024, um starfsleyfi fyrir starfsemi fjögurra deilda leikskóla með mötuneyti að Asparfelli 10 (F2051908, rými 08 0101) og 12 (F2051943, rými 09 0202). Endurnýjun starfsleyfis.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla*.

11. Lögð fram umsókn ISAVIA innanlandsflugvalla ehf., kt. 591219-1380, dags. 21. júní 2024 um endurnýjun á starfsleyfi fyrir starfsemi Reykjavíkurflugvallar. Fyrir liggja jákvæðar umsagnir byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa. Nýtt starfsleyfi er í vinnslu.

Samþykkt að framlengja gildandi starfsleyfi á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu í allt að 1 ár eða lengst til 31.12.2025, sbr. heimild í 4. mgr. 6. gr. *Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*. Um starfsemina gilda *Starfsleyfisskilyrði fyrir Isavia innanlandsflugvelli ehf. kt. 591219-1380, fyrir rekstri Reykjavíkflugvallar og Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi*. Unnið er að endurskoðun skipulagsreglna fyrir Reykjavíkflugvöll og er mikilvægt að samhljómur sé milli þeirra og starfsleyfisskilyrða. Einnig er ISAVIA að vinna að greiningu á þol- og öryggismörkum flugvallarins og gæti niðurstaða þeirrar vinnu einnig nýst við gerð starfsleyfisskilyrðanna.

12. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, dags. 31. október 2024, um tímabundið starfsleyfi frá 19. desember 2024 til 1. febrúar 2025 fyrir niðurrifi á húsnæði (H7) við Hólmsland, F2057691, rými 05 0101, sbr. samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. USK24100382.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi með *Starfsskilyrðum fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest og Sértekum starfsleyfisskilyrðum fyrir eignasjóð Reykjavíkurborgar vegna niðurrifs á húsum við Hólmsá.*

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við ákvæði *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015.*

13. Lögð fram umsókn Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, dags. 5. nóvember 2024, um tímabundið starfsleyfi frá 19. desember 2024 til 1. febrúar 2025 fyrir niðurrifi á húsnæði (H9, Sælukot) við Hólmsland, F2057694, rými 12 0101, sbr. samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. USK24050227.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi með *Starfsskilyrðum fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest og Sértekum starfsleyfisskilyrðum fyrir eignasjóð Reykjavíkurborgar vegna niðurrifs á húsum við Hólmsá.*

Starfsleyfið er gefið út í samræmi við ákvæði *Samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar nr. 555/2015.*

14. Lögð fram umsókn SH Import ehf., kt. 610420-0950, dags. 10. desember 2024, um leyfi til tóbakssölu (Píkník) að Grensásvegi 16. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.*

Fundi slitið kl. 10:15

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson